**Félagsfundur að hausti**
Starfsárið 2026-2027
5. nóvember 2026

Fundi stýrir: Hrönn Svansdóttir
Fundargerð ritar: Bergrún Andradóttir
Fundur settur: 17:08

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Bjarndís Helga Tómasdóttir formaður Samtakanna ‘78 setur fundinn og tilnefnir Hrönn Svansdóttur í hlutverk fundarstjóra og Bergrúnu Andradóttur í hlutverk ritara.

2. Lögmæti fundar staðfest

Félagsfund skal boða skriflega með að minnsta kosti viku fyrirvara og var það gert á vef félagsins 26. október, ásamt því að fundurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum félagsins 22. október. Á fundinum voru fleiri en fimmtán einstaklingar þegar hann var settur.

3. Ræða formanns

Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður Samtakanna ‘78, flytur erindi.

4. Yfirferð framkvæmdastjóra

Kári Garðarson, framkvæmdastjóri Samtakanna ‘78, fer yfir nýtt skipulag skrifstofu, fjárhagsstöðu félagsins, húsnæðismál og samstarfssamninga.

5. Skipan kjörnefndar

Þrjú framboð bárust í kjörnefnd Samtakanna ‘78. Hrönn fundarstjóri fer yfir lög um skipan nefndarinnar.

Alexandra Briem
Kolbrún Ósk Pétursdóttir
María Thorlacius

6. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur á jafnréttisskrifstofu Dómsmálaráðuneytis

Anna Gunnhildur kynnir Aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2026-2029, og fer yfir aðdraganda núgildandi aðgerðaráætlunar. Anna bendir á að áætlunin sé aðgengileg á vef stjórnarráðsins. Því næst fer Anna yfir þær 35 aðgerðir sem eru inni í áætluninni.

Sveinn Kjartansson spyr út í samstarf í aðgerð Frumkvæði og þátttaka í alþjóðlegri baráttu fyrir hinsegin réttindum. Þá bendir hann á mikilvægi grasrótarinnar og að starf Samtakanna ‘78 sé grundvöllur fyrir því að Ísland sé svo framarlega í baráttumálum hinsegin fólks. Ynda Eldborg spyr út í aðgerð Efling hinsegin menningar og bendir á mikilvægi þess að hinsegin list og listafólk sé sýnilegt og stutt við það starf. Þá bendir hún á sýningu um líf og störf Nínu Sæmundsson í Listasafni Reykjanesbæjar. Hrefna, formaður Q-félags hinsegin stúdenta, spyr út í stöðu fyrstu aðgerðaráætlunarinnar.

7. Önnur mál

Bergrún starfsmaður bendir á þróunarsjóð námsefnis og umsóknarfrestinn sem hefst 11. desember.